



VERKLAGSREGLUR

UMSÓKNIR UM GREIÐSLUR VEGNA SÉRSTAKRAR UMÖNNUNAR OG ÞJÁLFUNAR Á HEIMILI VEGNA VERULEGS HEGÐUNARVANDA

1. Markmið

Markmið verklagsreglna þessara er að tryggja börnum, sem eiga við verulega hegðunarerfiðleika að stríða vegna geðrænna, tilfinningalegra og annarra vandamála, öruggar aðstæður á fósturheimili þar sem þau njóta sérstakrar umönnunar og þjálfunar.

Reglurnar miða að því að:

- Skýra ferli frá umsókn til loka fósturs,
- Tryggja samræmi við ákvæði barnaverndarlaga nr. 80/2002, reglugerðar nr. 804/2004 og reglugerðar nr. 858/2013,
- Stuðla að skýrri verkaskiptingu milli barnaverndarþjónustu, Barna- og fjölskyldustofu og fósturforeldra,
- Skapa gagnsæi um réttindi barns, ábyrgð foreldra, fósturforeldra og eftirlit stjórnvalda.

2. Um sérstaka umönnun og þjálfun vegna verulegs hegðunarvanda

- Sérstök umönnun og þjálfun vegna verulegs hegðunarvanda á við þegar barnið á við verulega hegðunarerfiðleika að stríða vegna geðrænna, tilfinningalegra og annarra vandamála af því tagi og uppfyllt eru skilyrði til að vista barnið á heimili eða stofnun skv. 79. gr. barnaverndarlaga, en nauðsynlegt þykir að koma barninu í fóstur í stað þess að vista það á heimili eða stofnun.
- Um er að ræða tímabundið fóstur með auknum greiðslum þar sem fósturforeldrar skuldbinda sig í aukið umönnunarhlutverk.
- Fósturforeldrar í þessu hlutverki þurfa að uppfylla ríkari kröfur en almennir fósturforeldrar. Fósturforeldrar skuldbinda sig þá til að sinna sérfræðiþjónustu og öðru sem kveðið er á um í fóstursamningi, ásamt því að sækja reglulega handleiðslu í samráði við barnaverndarþjónustu.
- Markmiðið er að barn njóti sérstakrar umönnunar og þjálfunar þannig að mætt verði þörfum barnsins og að veita barninu og foreldrum þess, þegar það á við, nauðsynlegan stuðning þannig að barnið muni geta snúið aftur til foreldra sinna.
- Foreldrum er veittur nauðsynlegur stuðningur þannig að þau séu í stakk búin að taka aftur við barni sínu og sinna þörfum þess eins og við á.
- Samþætta skal þjónustu í þágu farsældar barnsins óháð afstöðu foreldra. Að öðru leyti fer um samþættingu samkvæmt lögum nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

3. Umsókn og gögn

Barnaverndarþjónusta sækir um greiðslur vegna sérstakrar umönnunar á heimili vegna verulegs hegðunarvanda til Barna- og fjölskyldustofu með öllum tilskyldum gögnum, sbr. 15. gr. reglugerðar um fóstur. Umsókn skal fylgja:

- greinargerð um niðurstöðu könnunar skv. 23. gr. barnaverndarlaga,
- áætlun um trygga umsjá barns skv. 33. gr. barnaverndarlaga þar sem markmið, leiðir og hlutverk ábyrgðaraðila vegna vistunar barns eru skilgreind,



VERKLAGSREGLUR

UMSÓKNIR UM GREIÐSLUR VEGNA SÉRSTAKRAR UMÖNNUNAR OG ÞJÁLFUNAR Á HEIMILI VEGNA VERULEGS HEGÐUNARVANDA

- samþykki forsjáraðila skv. 25. gr. bvl.
- samþykki barns eldra en 15 ára skv. 25. gr. bvl.
- úrskurður umdæmisráðs eða dómstóla þar sem við á,
- nauðsynleg gögn sem lýsa þörfum barns og fyrirhuguðum stuðningi.

4. Mat og samþykki umsóknar

Barna- og fjölskyldustofa metur hvort skilyrði barnaverndarlaga og reglugerðar séu uppfyllt, þ.e.:

- hvort vandi barns sé þess eðlis að úrræðið henti þörfum barnsins sem best,
- hvort áætlun barnaverndarþjónustu setji fram skýr og mælanleg markmið sem eru í samræmi við úrræðið,
- hvort barnaverndarþjónusta tilgreini viðeigandi þjónustu og stuðning við barn þannig að það hljóti sérstaka umönnun og þjálfun meðan á fóstri stendur,
- hvort barnaverndarþjónusta tilgreini viðeigandi þjónustu og stuðning við fósturforeldra meðan á fóstri stendur,
- hvort barnaverndarþjónusta tilgreini viðeigandi þjónustu og stuðning við kynforeldra meðan á fóstri stendur,
- samþykki fyrir umsókn er sent bréflega til viðkomandi barnaverndarþjónustu og bendir Barna- og fjölskyldustofa, í samvinnu við barnaverndarþjónustu, á þá fósturforeldra sem líklegir eru til að hafa getu og færni til að sinna þörfum barns.
- verði umsókn ekki samþykkt, er barnaverndarþjónusta upplýst um það auk þess sem Barna- og fjölskyldustofa leggur áherslu á samráð við barnaverndarþjónustu um málið a.

5. Drög að fóstursamningi

Áður en fóstursamningur er undirritaður, gerir barnaverndarþjónusta drög að fóstursamningi með væntanlegum fósturforeldrum og sendir til yfirlestrar hjá sérfræðingi fósturteymis Barna- og fjölskyldustofu sem fer með mál barnsins.

Barna- og fjölskyldustofa metur hvort samningurinn sé í samræmi við þau gögn sem lágu til grundvallar samþykkis. Ef samningurinn er ekki í samræmi við þau gögn sem lágu fyrir, þarf að leiðrétta samninginn í samræmi við leiðbeiningar sem Barna- og fjölskyldustofa veitir barnaverndarþjónustu eftir að hafa farið yfir samninginn. Í samningi þarf að koma fram með skýrum hætti:

- hvernig þjónustu og stuðningi við barn og fósturheimili skuli háttað,
- hvernig stuðningi við kynforeldra skuli háttað, ef við á,
- hvernig stuðningi við fósturforeldra skuli háttað t.a.m. með handleiðslu,
- markmið sem eru skýr og mælanleg,
- að greiðsluhluti Barna- og fjölskyldustofu sé í samræmi við samþykki stofunnar,



VERKLAGSREGLUR

UMSÓKNIR UM GREIÐSLUR VEGNA SÉRSTAKRAR UMÖNNUNAR OG ÞJÁLFUNAR Á HEIMILI VEGNA VERULEGS HEGÐUNARVANDA

- að tímalengd samnings sé í samræmi við samþykki stofunnar.
- annað varðandi mál barnsins sem talið er þörf á að skýra í samningi.

6. Staðfesting og greiðslupátttaka

Þegar barnaverndarþjónusta sendir fullgerðan og undirritaðan fóstursamning, sem er í samræmi við verklag Barna- og fjölskyldustofu, getur greiðslupátttaka stofunnar hafist.

Ef barn er vistað í fóstri áður en umsókn um greiðslur vegna sérstakrar þjálfunar og umönnunar er formlega samþykkt, er litið svo á að fram að því hafi barn verið í almennu tímabundnu fóstri.

Barnaverndarþjónusta greiðir fósturforeldrum heildarupphæðina og rukkar Barna- og fjölskyldustofu um sinn hluta.

7. Umsókn um framlengingu á greiðslum

Umsókn um framlengingu á greiðslum vegna sérstakrar umönnunar á heimili vegna verulegs hegðunarvanda skal berast Barna- og fjölskyldustofu á umsóknareyðublaði, eigi síðar en mánuði fyrir áætluð fósturlok.

Barna- og fjölskyldustofa getur samþykkt umsókn um framlengingu á greiðslum í sérstökum tilvikum. Á það einna helst við þegar séð er að markmið munu nást innan þess tímaramma sem markaður er í umsókn um framlengingu, verið sé að tryggja áframhaldandi stöðugleika og það séu hagsmunir barns að vinna að þeim markmiðum sem voru sett í upphafi fósturs.

8. Eftirfylgni

Barnaverndarþjónusta sem ráðstafar barni í fóstur fer með mál barnsins meðan ráðstöfun varir. Barnaverndarþjónusta skal fylgjast með aðbúnaði og líðan barnsins og að ráðstöfun nái markmiðum sínum. Æskilegt er að það sé gert eigi sjaldnar en mánaðarlega.

9. Lok fósturs

Barnaverndarþjónusta tilkynnir Barna- og fjölskyldustofu og Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála formlega um lok fósturs fari barnið af fósturheimilinu (sbr. 73. gr. bvl).

Barnaverndarþjónusta skal, að jafnaði eigi síðar en mánuði áður en fóstri lýkur, gera skriflega áætlun skv. 23. gr. barnaverndarlaga um áframhaldandi meðferð máls barnsins.

Barnaverndarþjónusta ber að undirbúa barn fyrir lok fósturs og það sem tekur við að fóstri loknu. Æskilegt er að gera það með góðum fyrirvara til að tryggja fyrirsjáanleika og stuðla að öryggi hjá fósturbarni með framhaldið en slíkt getur haft jákvæð áhrif á árangur úrræðisins.

Barna- og fjölskyldustofa, 1. júlí 2026